



Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 10. október 2022

Mál nr. 2022100203

Efni: Leikskólinn Drekaðal

Börn fædd 2021 eru 277 í Reykjanesbæ. Börn sem eru á elsta ári í leikskólum Reykjanesbæjar eru nú 255, þ.e. börn sem fara upp í grunnskóla haustið 2023.

Miðað við að engin börn á leikskólaaldri flytji til Reykjanesbæjar og óbreyttan inntökualdur þyrftum við að bæta við 22 leikskólaplássum síðsumars 2023.

(Óbreyttur inntökualdur þýðir að við tökum börn inn í leikskóla á því ári sem þau verða tveggja ára. Þau geta því verið allt að 26 mánaða gömul þegar þau byrja í leikskóla í byrjun ágúst). Markmið bæjaryfirvalda er að öll börn 18 mánaða og eldri verði komin inn í leikskóla fyrir lok kjörtímabilsins.

Til að ná öllum börnum fæddum 2020 í leikskóla í ágúst/september á þessu ári þyrftum við pressa á leikskóla að taka inn fleiri börn en hámarksfjöldi skólanna kveður á um. Þannig erum við til að mynda með 145 börn í leikskólanum Akri í Innri-Njarðvík sem er ætlaður fyrir 130 börn. Þá stækkuðum við leikskólann Holt sem einnig er í Innri-Njarðvík þannig að hann gæti tekið við 35 börnum til viðbótar miðað við venjulega innritun.

Miðað við uppbyggingu í hverfum bæjarins má búast við áframhaldandi fjölgun barnafjölskyldna og því mikilvægt að ákveðin skref séu stigin í uppbyggingu leikskóla í sveitarfélaginu. Af þeim þremur næstu uppbyggingaráformum í leikskólamálum, Stapaskóli áfangi III, Asparlaut í Hlíðarhverfi, Drekaðalur í Dalshverfi III, er leikskólinn við Drekaðal sá sem væri líklegastur til að geta fyrst risið og hafið rekstur.

Fjöldi barna á leikskólaaldri í Reykjanesbæ (júlí 2022)

Argangur	Íslenskt ríkisfang	Erlent ríkisfang	Samtals
2017	214	41	255
2018	195	61	256
2019	195	55	250
2020	242	57	299
2021	226	51	277

Ráðhús Reykjanesbæjar
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



Búið er að vinna hönnun á skólanum en sú hönnun hefur verið í höndum starfsfólks fræðslusviðs og annarra reyndra leikskólastjóra og hefur Glóra séð um hönnunarvinnuna.

Kostnaðaráætlun liggur einnig fyrir og er hönnun og kostnaðaráætlun í meðfylgjandi minnisblaði. **Gæta þarf þess að trúnaður sé haldinn yfir kostnaðaráætluninni.**

Óskað er eftir heimild bæjarráðs til að bjóða út þetta verk út og munu niðurstöður útboðs fara fyrir bæjarráð til samþykktar þegar að því kemur.

Guðlaugur H Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Helgi Arnarsson
Sviðsstjóri Fræðslusviðs

Fylgiskjöl:

Fyrirliggjandi hönnun

Kostnaðaráætlun (Trúnaðarmál)